



Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð sveitarfélaga og nefndar,
sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar,
samkvæmt lögum um leikskóla

Samantekt unnin af:

Björk Ólafsdóttur

Tilgangur ritsins

Þessu riti er ætlað að draga fram þá ábyrgð og þær skyldur sem sveitarfélög og skólanefndir bera samkvæmt nýjum lögum um leikskóla í þeim tilgangi að efla skólanefndir í hlutverki sínu.

Ritið er tvíþætt:

1. Annars vegar eru tilgreindir meginþættir laganna sem sveitarfélög/skólanefndir bera ábyrgð á að framfylgja eða fylgjast kerfisbundið með að sé framfylgt. Í viðauka fylgir gátlisti sem hægt er að nota til að skrá hjá sér athugasemdir.
2. Hins vegar eru taldar fram þær lykiltölur um skólastarf sem sveitarstjórnir þurfa að standa skil á til fræðsluyfirvalda og annarra hagsmunaaðila.

Ritinu er ætlað að gefa yfirlit en ekki útskýra efnið nákvæmlega. Þannig er til dæmis einungis skýrt frá í hvaða grein laganna, eða í hvaða reglugerð, fjallað er um viðkomandi efnisþátt til að auðvelda notendum að fletta upp.

Rétt er að taka fram að með því að nota þetta rit og meðfylgjandi gátlista, má alls ekki líta svo á að skólanefnd hafi fullnægt mats- og eftirlitsskyldu sinni, enda er viðfangsefnið víðtækara en svo. Ritið er einungis einn liður í því að útbúa hagnýtar leiðbeiningar fyrir skólanefndir. Yfirlitið er heldur ekki tæmandi. Ýmis ákvæði í lögnum, svo sem þau sem skilgreind eru á ábyrgð leikskólastjóra og foreldraráðs eru ekki í yfirlitinu þó svo að það sé skylda skólanefnda að bregðast við ef þessir aðilar sinna ekki skyldum sínum.

Við gerð leiðbeininganna var stuðst við lög um leikskóla nr. [90/2008](#) og reglugerðir sem þeim tilheyra ásamt [greinargerð með frumvarpi til laga um leikskóla](#). Þá var [aðalnámskrá leikskóla](#) (2011) höfð til hliðsjónar auk þess sem stuðst var við kannanir á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla sem Félagsvísindastofnun vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í desember 2009 og júní 2010.

Skilgreiningar

Í ritinu hafa eftirfarandi hugtök merkingu sem hér greinir:

Í **eftirliti** felst almennt, kerfisbundið eftirlit með því að leikskólar starfi samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrám.

Mat hefur verið skilgreint sem „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“¹ Í mati felst að það er felldur dómur um gæði út frá skilgreindum viðmiðum.

¹ Steinunn Helga Lárusdóttir (2002), bls. 20

Lög um leikskóla: Mats- og eftirlitsskylda skólanefnda

Lög um leikskóla nr. [90/2008](#) sem sett voru árið 2008 leggja áherslu á barnið, réttindi þess, hagsmuni og velferð². Réttindi barna eru skilgreind með skýrari hætti en áður og aðkoma foreldra að leikskólastarfinu er aukin. Lögini taka mið af auknum menningarlegum fjölbreytileika meðal barna og foreldra þeirra. Með lögnum er forræði sveitarfélaga skilgreint og verka-skipting milli stjórnenda leikskóla, sveitarfélaga og ríkis skýrt. Lögð er áhersla á að í leikskólum fari fram faglegt starf og gerð sé grein fyrir því í skólanámskrá leikskóla. Nýmæli í lögnum er áhersla á mat á skólastarfi og upplýsingagjöf um starfsemi leikskóla.

Í lögum um leikskóla er kveðið á um að sveitarfélög beri ábyrgð á og sinni mati og eftirliti með gæðum skólustarfs og láti mennta- og menningarmálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ennfremur er kveðið á um að sveitarfélög eigi að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt leiði til umbóta í skólastarfi. Í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsinga-skyldu sveitarstjórna um skólahald nr. [893/2009](#) kemur fram að nefnd, kjörin af sveitarstjórn skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla, sinnir þessu hlutverki í umboði sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með að skólastarfi í leikskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Nefndin ber ennfremur ábyrgð á að skólastarfi sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti³. Í þessu yfirliti verður hér eftir fjallað um þessa nefnd undir heitinu skólanefnd.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla að:

- a. veita upplýsingar um skólastarfi, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólustarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanefndir sinna eftirliti með leikskólum í sveitarfélaginu hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða ekki. Samkvæmt 25. gr. laga um leikskóla skal í rekstrarleyfi til sjálfstæðra rekstraraðila leikskóla sérstaklega fjallað um skyldur rekstraraðila til þess að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins og láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits.

Komi fram vísbending um að leikskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundnum skyldum sínum skal skólanefnd ganga úr skugga um það og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar skv. 4. gr. reglugerðar um mat, eftirlit og upplýsingaskyldu nr. [893/2009](#).

² Ný menntastefna: Um leikskóla

³ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 36

Lagalegt hlutverk sveitarfélaga/skólanefnda

Sveitarfélög bera skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. [90/2008](#) ábyrgð á starfsemi leikskóla. Þau hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalóðs í leikskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Í þessum kafla eru teknir fyrir helstu þættir laganna sem sveitarfélögum/skólanefndum ber skylda til að framkvæma og/eða tryggja að sé framfylgt. Við hvert efnisatriði er vísað í númer þeirrar greinar í lögnum þar sem ákvæði um efnið er að finna til að auðvelda notendum að fletta upp í þeim. Ennfremur er vísað í önnur lög og reglugerðir þar sem nánari ákvæði um efnisþætti er að finna.

Hver efnisþáttur hér á eftir á sér samsvörun í meðfylgjandi gátlista (sjá viðauka bls. 12-16). Á gátlistanum getur verið fleiri en einn liður sem á við sama efnisþáttinn og er það auðkennt með því að númera liði í gátlista með númeri samsvarandi efnisþáttar.

Þættir laga um leikskóla nr. [90/2008](#):

1. Skólahúsnæði og búnaður í leikskólum. Sveitarfélög bera ábyrgð á húsnæði, skólalóð og búnaði leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla. Húsnæði, skólalóð og allur búnaður skal uppfylla kröfur skv. 12. gr. laga um leikskóla, reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr. [655/2009](#), [aðalnámskrár leikskóla](#) og laga nr. [46/1980](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir sem heyra undir þau. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja.

Skv. 2. gr. reglugerðar nr. [655/2009](#) annast sveitarfélag undirbúning og framkvæmd byggingar leikskólahúsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir leikskóla á þeirra vegum svo og kaup á tækjum og búnaði fyrir skólana. Við undirbúning nýrra leikskóla og meiriháttar breytinga á eldra húsnæði skal leita eftir samráði við foreldra og starfsfólk leikskóla.

Skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. [655/2009](#) tekur leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða skólanefnd, ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Sveitarfélögum er heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákveðinn hámarksfjölda barna. Sveitarstjórn eða annar rekstraraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahóps í samráði við leikskólastjóra.

Skv. 10. gr. reglugerðar nr. [655/2009](#) skal sveitarstjórn útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum⁴. Leiðbeiningarnar eiga að vera staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt á að sjá til þess að þær séu aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans eða sveitarfélagsins eða með öðrum hætti og kynntar í skólasamfélaginu.

2. Ársskýrsla. Skv. 5. gr. laga um leikskóla á leikskólastjóri árlega að gera sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í skýrslu.

⁴ Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna að gerð rafrænnar handbókar um öryggi barna og slysavarnir sem sveitarstjórnir geta nýtt sér. Áætlað er að handbókin komi út haustið 2011.

3. Ráðningar starfsfólks. Við ráðningu starfsfólks leikskóla skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá skv. 6. gr. laga um leikskóla. Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla, eða til að sinna sérfræðipjónustu í sveitarfélagi, einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla [almennta hegningarlaga](#) um kynferðisbrot.

Til stuðnings skal bent á [leiðbeiningar um upplýsingaöflun úr sakaskrá](#) sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og samsvarandi [eyðublað](#).

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. [87/2008](#). Með þessum lögum eru starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara og stjórnenda leikskóla lögvernduð. Í því felst m.a. að réttur til að nota starfsheitið leikskólakennari takmarkast við þá sem fengið hafa til þess leyfi mennta- og menningarmálaráðherra. Sjá enn fremur á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um [starfsmannamál leikskóla og ráðningu leikskólakennara og leikskólastjórnenda](#).

4. Símenntunaráætlun starfsfólks. Skv. 7. gr. laga um leikskóla á hver skóli að vera með áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað. Símenntunaráætlun þarf að vera í samræmi við áherslur leikskólans, viðkomandi sveitarfélags og skólanámskrár og hún á að styðja við umbótaáætlanir leikskólans. Um rétt leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla til símenntunar fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum.
5. Upplýsingar til foreldra. Foreldrar skulu skv. 9. gr. laga um leikskóla eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Skóli skal leitast við að tryggja foreldrum, sem ekki tala íslensku eða nota táknmál, túlkun á nauðsynlegum upplýsingum vegna samskipta foreldra og skóla.
6. Foreldraráð skal skv. 11. gr. laga um leikskóla starfa við skólann. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í ráðið. Foreldraráð skal setja sér starfsreglur. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi.
7. Skólanámskrá. Skv. 14. gr. laga um leikskóla skal í hverjum skóla gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá byggir á aðalnámskrá leikskóla og á skólastefnu sveitarfélagsins. Hún felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og fjallað er um hinar hugmyndafræðilegu áherslur sem starf leikskólans tekur mið af⁵. Þar koma enn fremur fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Í skólanámskrá skal skv. 16. gr. laganna gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga. Samkvæmt [aðalnámskrá leikskóla](#) (2011) skal í skólanámskrá gera grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna um leikskólabörn auk þess sem lýsa þarf þeirri þekkingu, leikni og því siðferðilega viðhorfi sem stefnt er að í leikskólastarfinu. Leikskólar útfæra í skólanámskrá hvernig þeir vinna með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna. Vinnulag sem leikskólar nota

⁵ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 34

við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni þarf enn fremur að koma fram í skólanámskrá. Þá skal í skólanámskrá lýsa þeirri kerfisbundnu aðferð sem leikskólinn notar við sitt innra mat.

Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn foreldraráðs og hana á að endurskoða reglulega. Skólanámskrá skal kynnt foreldrum og vera skrifleg og aðgengileg.

8. Starfsáætlun. Skv. 14. gr. laga um leikskóla skal árlega gefa út starfsáætlun í hverjum leikskóla. Þar er gerð grein fyrir árlegri starfsemi skólans, s.s. skóladagatali, foreldrasamstarfi, viðfangsefni innra mats, umbótaáætlunum, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu, fyrirkomulagi öryggis- og slysamála auk ýmissa hagnýtra upplýsinga um skólalald hvers leikskóla⁶.

Starfsáætlun skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn foreldraráðs. Starfsáætlun skal kynnt foreldrum.

9. Tengsl leikskóla og grunnskóla. Skv. 16. gr. laga um leikskóla skal sveitarstjórn koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Samstarf skólastiga snýst meðal annars um að skilgreina verklag um hvernig er staðið að færslu og aðlögun barna milli skólastiga, tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga á milli þeirra og samfellu í námi⁷. Í skólanámskrá á að koma fram hvernig samstarfi leikskóla og grunnskóla er háttað og hvernig staðið er að aðlögun og flutningi barna milli skólastiga. Sjá enn fremur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. [896/2009](#).

10. Innra og ytra mat og umbætur í kjölfar mats. Í 18. gr. laga um leikskóla og í reglugerð, um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. [893/2009](#), er kveðið á um að hver leikskóli skuli með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Leikskólinn á að birta opinberlega, t.d. á vefsíðu sinni, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður þess og áætlanir um umbætur⁸. Einnig skal í greinargerð um innra mat sýnt fram á tengsl innra mats við skólanámskrá, starfsáætlun og stefnu sveitarfélagsins um leikskólalald. Sveitarfélög eiga að fylgja framkvæmd umbótaáætlunar leikskólans eftir skv. 19. gr. laga um leikskóla.

Sveitarfélög eiga að framkvæma ytra mat á leikskólum skv. 19. gr. laga um leikskóla og reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. [893/2009](#). Skólanefndum ber að sjá til þess að áætlanir um umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir. Til stuðnings skal bent á leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga á slóðinni: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/mat-oftirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/leidbeiningar-fyrir-skolaneftir/>

Ef eftirlit/ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis gefur til kynna að þörf sé á umbótum skal sveitarstjórn senda ráðuneytinu umbótaáætlun, sé eftir því óskað, þar sem fram kemur hvernig brugðist verður við niðurstöðum matsins og hvernig sveitarstjórn hyggst

⁶ Aðalnámskrá leikskóla (2011), bls. 35

⁷ Greinargerð með frumvarpi til laga um leikskóla

⁸ Reglugerð um mat og eftirlit og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. [893/2009](#)

fylgja þeim eftir skv. reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. [893/2009](#).

11. Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi. Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í leikskólum, ákveða í samráði við skólastjórnendur fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan leikskóla skv. 21. og 22. gr. laga um leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. [584/2010](#). Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Í skólastefnu sveitarfélagsins skal koma fram hvernig markmiðum framangreindrar reglugerðar um sérfræðiþjónustu verði náð.

Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur og ráðgjöf við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur og ráðgjöf við starfsemi leikskólans og starfsfólk með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.⁹ Viðeigandi túlkajónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu eiga sveitarfélög að leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð barna og fyrirbyggja vanda. Sérfræðiþjónusta felur í sér greiningu og mat á börnum til að tryggja aðstoð og þjálfun við hæfi. Leiði greiningin í ljós að aðstoðar/þjálfunar sé þörf skal sú þjónusta fara sem mest fram innan leikskólans hjá viðeigandi sérfræðingum eða undir handleiðslu þeirra. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Sveitarfélög eiga að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun á milli fagaðila innan sveitarfélagsins til að samhæfa sem best þjónustu við börnin svo hún verði markviss. Slíkir fagaðilar eru t.d. félagsþjónusta, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónusta og sérfræðiþjónusta (s.s. iðjuþjálfun, talþjálfun, sjúkraþjálfun, þroskaþjálfun og sálfræðiþjónusta). Sveitarfélög eiga einnig að hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra barna. Má þar nefna t.d. Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, BUGL, Sjónstöð og Heyrnar- og talmeinastöð.

Sveitarstjórn skal á grundvelli umsagnar fræðsluyfirvalda sveitarfélaga setja verklagsreglur um meðferð beiðna um sérfræðiþjónustu skv. 11. gr. [reglugerðar um sérfræðiþjónustu](#).

12. Sérfræðingur í leikskólamálum. Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum sem veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun, sinna eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga skv. 23. gr. laga um leikskóla.
13. Rekstrarleyfi leikskóla. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa til leikskóla sem reka á í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða skv. öðru viðurkenndu rekstrarformi skv. 25. gr. laga um leikskóla. Reglurnar skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

⁹ Byggt á lögum um leikskóla nr. [90/2008](#), reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. [584/2010](#) og [greinargerð með frumvarpi til laga um leikskóla](#).

Í rekstrarleyfi skal kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum um leikskóla. Skal þar sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsfólks, húsnæði og fjölda barna, gerð skólanámskrár, skyldur rekstraraðila til að meta skólastarf og láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits og skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu.

14. Tilkynningar. Sveitarstjórn skal tilkynna mennta- og menningarmálaráðuneytinu þegar það stofnar nýjan leikskóla og rekstri leikskóla er hætt skv. 24. gr. laga um leikskóla. Jafnframt skal sveitarstjórn tilkynna ráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi skv. 25. gr. laganna.

Tillögur um úrbætur. Skólanefnd á skv. 4. gr. reglugerðar um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. [893/2009](#) að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar sé þess þörf.

Lykiltölur um leikskólastarfið

Í 6. gr. reglugerðar um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. [893/2009](#) kemur fram að sveitarstjórnnum er skylt að veita mennta- og menningarmálaráðuneytinu, árlega eða oftár sé þess krafist, upplýsingar um framkvæmd skólahalds í leikskólum í sveitarfélaginu. Gefin eru dæmi í reglugerðinni um þær tölulegu upplýsingar sem sveitarstjórnir skulu gera grein fyrir. [Hagstofa Íslands](#) hefur frá árinu 1997 safnað saman, fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, megninu af þeim tölulegu upplýsingum sem tilgreindar eru í reglugerðinni. Upplýsinganna hefur verið aflað beint frá leikskólum með skýrslugerð tvisvar á ári.

Sveitarstjórn ber ennfremur skv. reglugerðinni að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til starfsfólks skóla, foreldra og barna.

Meginhluti þeirra lykiltalna sem taldar eru upp hér að neðan eru þær sem Hagstofan safnar og skilgreindar eru í framangreindri reglugerð sem upplýsingaskylda sveitarstjórna - þó að þeim sé safnað beint frá leikskólunum. Upplýsingarnar eru birtar á vef Hagstofunnar og sýna efnisflokkana á landsvísu og einnig eftir landshlutum. [Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) byggir m.a. á þessum upplýsingum frá Hagstofunni. Hún kemur út árlega og er ætlað að gefa sveitarfélögum möguleika á samanburði á ýmsum lykiltölum í skólahaldi.

Á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar gætu skólanefndir viljað kalla eftir frekari lykiltölum frá leikskólum en tilgreindar eru í reglugerðinni til að öðlast heildstæðari mynd af framkvæmd og umgjörð skólastarfsins. Slík töluleg gögn geta nýst sveitarstjórnnum í rekstrarlegu tilliti og jafnframt sem liður í eftirliti með gæðum skólastarfsins. Þær lykiltölur hér að aftan, sem ekki eru skilgreindar sem liður í upplýsingaskyldu skv. reglugerð en gagnlegt getur verið fyrir skólanefndir að hafa yfirsýn yfir, eru stjórnmerktar (*).

Lykiltölur um starfsfólk

1. Fjöldi leikskólakennara og fjöldi annarra starfsmanna
2. Stöðugildi/starfshlutfall leikskólakennara
3. Stöðugildi/starfshlutfall þeirra sem hafa aðra háskólamenntun
4. Stöðugildi/starfshlutfall annarra starfsmanna
5. Starfsheiti/starfssvið, menntunarstig, réttindi og aldur
6. *Fjarvistir starfsfólks
7. *Starfsmannavelta

Lykiltölur um leikskólabörn

1. Fjöldi barna í hverjum leikskóla, fjöldi barna í árgangi og lengd daglegrar viðveru
2. Fjöldi barna í árgangi sem njóta sérkennslu og fyrirkomulag hennar
3. Fjöldi barna með erlent móðurmál

Lykiltölur um skólahald

1. Fjöldi og heiti leikskóla í sveitarfélaginu og rekstrarform/rekstraraðili
2. Árlegur starfstími leikskóla
3. Fjöldi skóladaga á ári
4. Daglegur opnunartími leikskóla

5. *Sundurliðaður rekstrarkostnaður
6. *Áætlaður rekstrarkostnaður vs. endanlegur rekstrarkostnaður – skýring á frávikum
7. *Heildarstærð leikskólahúsnæðis í fermetrum

Ytra mat og framgangur skólastefnu sveitarfélagsins

Í lögum um leikskóla (4. gr.) er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Ítarlegar [leiðbeiningar um gerð, innleiðingu og framkvæmd skólastefnu ásamt árangursmælingum og eftirfylgni](#) er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þá er í 19. gr. laga um leikskóla kveðið á um að sveitarfélög sinni ytra mati á gæðum skólastarfs og fylgi því eftir svo það leiði til umbóta í starfi leikskólans. Skólastefna sveitarfélags myndar mikilvægan grunn fyrir ytra mat sveitarfélagsins á skólum. Í stefnunni koma fram þau meginmarkmið sem sveitarfélagið setur fyrir skólana og ytra matið hefur meðal annars þann tilgang að skoða hvernig gengur að vinna að þeim og hvort að þeim hafi verið náð.

Heimildir og efni sem vísað er í og/eða bent á í yfirlitinu

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Skoðað 20. maí 2011 á: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3952>

Björk Ólafsdóttir (2010). *Skólafestna sveitarfélaga. Handbók*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga. Slóðin er: <http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolafestna-stora.pdf>

Greinargerð með frumvarpi til laga um leikskóla. Slóðin er: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0321.html>

Hagstofa Íslands. *Leikskólar. Talnaefni*. Slóðin er: <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Slóðin er: <http://www.althingi.is/lagas/139a/1980046.html>

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Slóðin er: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Slóðin er: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

Ný menntastefna: Um leikskóla. Skoðað 27. ágúst 2010 á: <http://www.nymenntastefna.is/-leikskolar>

Reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ba75ec24-e04f-4e16-8901-ea5954d63147>

Reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=2ed98a67-f47e-4782-84af-cf0eac00a5c3>

Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5d56b828-87c9-44e4-ba56-7130e5dbcdc1>

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Eyðublað um upplýsingaöflun úr sakaskrá*. Slóðin er: <http://www.samband.is/media/utgefing-efni-og-eydublod/Eydublad-fyrir-upplýsingaoflun-ur-sakaskra-leikskoli.doc>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Leiðbeiningar um upplýsingaöflun úr sakaskrá*. Slóðin er: <http://www.samband.is/media/skolamal/Leiðbeiningar-upplýsingaoflun-ur-sakaskra.pdf>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Skólaskýrslur*. Slóðin er: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skoladagatol-og-onnur-utgafa/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Starfsmannamál leikskóla*:

<http://www.samband.is/media/utgefing-efni-og-eydublod/Starfsmannamal-leikskola.pdf>

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gátlistar um ábyrgð skólanefnda skv. lögum og reglugerðum f/leikskóla

Lagalegir eftirlitsþættir sem varða leikskólastarf í sveitarfélaginu almennt

Hver liður hér á eftir á sér samsvörun í númeri efnisþáttanna sem tilgreindir eru á bls. 3-7 hér að framan. Þeir liðir sem eiga við sama efnisþáttinn bera þannig sama númer. Skammstöfunin „Gr.“ vísar til númers lagagreinar í lögum um grunnskóla (90/2008) og skammstöfunin „Rg.“ táknar reglugerð.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
1. Hefur sveitarstjórn útbúið leiðbeiningar fyrir starfsfólk leikskóla með reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum? (Rg. 655/2009)		
1. Eru leiðbeiningarnar aðgengilegar almenningi á heimasíðu og/eða kynntar með öðrum hætti? (Rg. 655/2009)		
9. Hefur sveitarstjórn (skólanefnd) haft frumkvæði að gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla? (Gr. 16)		
11. Hafa leikskólar sveitarfélagsins aðgang að sérfræðipjónustu vegna leikskólabarna? (Gr. 21 og Rg.584/2010)		
11. Veitir sérfræðipjónustan stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra? (Gr. 21 og Rg.584/2010)		
11. Veitir sérfræðipjónustan stuðning við starfsemi og starfsfólk leikskóla? (Gr. 21 og Rg.584/2010)		
11. Kemur fram í skólastefnu sveitarfélagsins hvernig markmiðum reglugerðar um sérfræðikennslu nr. 584/2010 verði náð?		
11. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á milli fagaðila innan sveitarfélagsins vegna barna með sérþarfir? (Gr. 21 og Rg. 584/2010)		
11. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra barna? (Gr. 21 og Rg. 584/2010)		
11. Hefur sveitarstjórn sett verklagsreglur um meðferð beiðna um sérfræðipjónustu? (Rg. 584/2010)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem varða leikskólastarf í sveitarfélaginu almennt frh.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
12. Er starfandi sérfræðingur í leikskólamálum á vegum sveitarfélagsins sem veitir ráðgjöf, sinnir eftirliti og stuðlar að samstarfi skóla? (Gr. 23)		
13. Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um veitingu rekstrarleyfa til leikskóla? (Gr. 25)		
13. Eru reglur um veitingu rekstrarleyfa til leikskóla opinberar og aðgengilegar íbúum? (Gr. 25)		

Gátlistinn er ekki tæmandi

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum leikskóla

Hver liður hér á eftir á sér samsvörun í númeri efnisþáttanna sem tilgreindir eru á bls. 3-7 hér að framan. Þeir liðir sem eiga við sama efnisþáttinn bera þannig sama númer. Skammstöfunin „Gr.“ vísar til númers lagagreinar í lögum um grunnskóla (90/2008) og skammstöfunin „Rg.“ táknar reglugerð.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
1. Uppfyllir leikskólahúsnæðið kröfur laga og reglugerða? (Gr. 4, 12 og Rg.655/2009)		
1. Uppfyllir aðbúnaður á útivistar- og leiksvæði/leikskólalóð kröfur laga og reglugerða? (Gr. 4, 12 og Rg.655/2009)		
1. Uppfyllir búnaður í leikskólanum kröfur laga og reglugerða? (Gr. 4, 12 og Rg.655/2009)		
1. Eru uppfylltar kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í leikskólanum og á leikskólalóð? (Lög nr. 46/1980)		
2. Hefur leikskólastjóri skilað ársskýrslu fyrir síðasta skólaár til rekstraraðila eða sveitarstjórnar? (Gr. 5)		
3. Er við ráðningu starfsfólks óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá? (Gr. 6)		
3. Eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari með menntun leikskólakennara? (Gr. 6)		
4. Hefur verið unnin símenntunaráætlun fyrir starfsfólk leikskólans fyrir yfirstandandi/næsta skólaár? (Gr. 7)		
4. Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og námskrá leikskólans? (Gr. 7)		
4. Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og stefnu sveitarfélags? (Gr. 7)		
4. Tekur símenntunaráætlun mið af niðurstöðum innra/ytra mats og áætlunum leikskólans um umbætur?		
5. Tryggir leikskólinn að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum um leikskólastarfið og stöðu barna þeirra? (Gr. 9)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum leikskóla frh.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
5. Hvernig leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og leikskóla? (Gr. 9)		
6. Er starfandi foreldraráð við leikskólann? (Gr. 11)		
6. Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur? (Gr. 11)		
7. Hefur skólanefnd staðfest skólanámskrá leikskólans? (Gr. 14)		
7. Er í skólanámskrá fjallað um alla þá þætti sem lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla tilgreina að gera skuli grein fyrir í skólanámskrá? (Gr. 14, 16 og aðalnámskrá leikskóla)		
7. Er skólanámskrá skrifleg og aðgengileg t.d. á vef leikskólans? (Gr. 14)		
7. Er skólanámskrá endurskoðuð með reglubundnum hætti? (Gr. 14)		
7. Hefur skólanámskráin verið kynnt foreldrum? (Gr. 14)		
8. Hefur skólanefnd staðfest starfsáætlun leikskólans fyrir yfirstandandi/næsta skólaár? (Gr. 14)		
8. Eru í starfsáætlun birtar upplýsingar um þá þætti sem tilgreindir eru í aðalnámskrá leikskóla? (Gr. 14 og aðalnámskrá leikskóla)		
8. Hefur starfsáætlunin verið kynnt foreldrum? (Gr. 14)		
9. Er samstarf leikskólans við grunnskóla í hverfinu/sveitarfélaginu með skipulögðum hætti? (Gr. 16)		
9. Er í skólanámskrá gerð grein fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla og hvernig staðið er að aðlögun og flutningi barna milli skólastiga? (Gr. 16)		
10. Er nýleg skýrsla/greinargerð um innra mat aðgengileg almenningi, s.s. á heimasíðu leikskólans? (Gr. 18 og Rg. 893/2009)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum leikskóla frh.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
10. Kemur fram í skýrslu/greinargerð um innra mat hvernig markmið skólánámskrár eru metin? (Gr. 18 og Rg. 893/2009)		
10. Koma fram í skýrslu/greinargerð um innra mat upplýsingar um framkvæmd innra matsins og helstu niðurstöður? (Rg. 893/2009)		
10. Setti leikskólinn fram áætlun um umbætur í kjölfar innra matsins? (Gr. 18 og Rg. 893/2009)		
10. Eru umbótaáætlanir leikskólans birtar opinberlega, s.s. á heimasíðu skólans? (Gr. 18 og Rg. 893/2009)		
10. Hefur skólanefnd fylgt framkvæmd umbótanna eftir? (Gr. 19 og Rg. 893/2009)		
10. Hefur sveitarfélagið eða mennta- og menningarmálaráðuneyti framkvæmt ytra mat á leikskólanum? (Gr. 19 og 20 og Rg. 893/2009)		
10. Hafa áætlanir um umbætur í kjölfar ytra mats verið gerðar? (Gr.19 og Rg. 893/2009)		
10. Hefur skólanefnd fylgt framkvæmd umbótanna eftir? (Gr. 19 og Rg. 893/2009)		
11. Uppfyllir sérfræðipjónusta sveitarfélagsins þarfir leikskólans fyrir sérfræðipjónustu? (Gr. 21, 22 og Rg. 584/2010)		
11. Fá börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun slíka þjónustu innan leikskólans?		

Gátlistinn er ekki tæmandi.